

-REYKJAVIK LAWYERS-

Rannsóknarnefnd Alþingis um Íbúðaláanasjóð
Sigurður Hallur Stefánsson form.
Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes

Reykjavík 8. júlí 2013

Efni: **Krafa um afturköllun ummæla og opinbera afsökunarbeiðni.**

Til undirritaðs hefur leitað Hallur Magnússon, kt. 080462-4849 vegna ummæla í rannsóknar-skýrslu Alþingis um Íbúðaláanasjóð sem að honum lúta og eru bæði ósönn og meiðandi. Er þess krafist að rannsóknarnefndin leiðrétti ummælin og biðji umbj. minn opinberlega afsökunar. Ummælin eru eftirfarandi:

„Einnig vekur athygli að Hallur Magnússon, sem á þeim tíma hafði lengi verið starfandi í Framsóknarflokknum, var ráðinn til stofnunarinnar, fyrst sem yfirmaður gæða- og markaðsmála en síðar sem yfirmaður þróunar- og almannatengslasviðs og að lokum sem svíðsstjóri þróunarsviðs. Ekki fæst séð að umrædd staða hafi verið auglýst er Hallur var fyrst ráðinn árið 1999.”

Skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis um Íbúðaláanasjóð. I. bindi kafli 6.5.2.2 Ráðningar hjá Íbúðaláanasjóði.

Staða yfirmanns þróunar og almannatengslasviðs Íbúðaláanasjóðs var auglýst á hefðbundinn hátt og hefði rannsóknarnefndinni verið í lófa lagið að kanna það áður. Sbr. meðf. auglýsingu.

Ráðningarferlið var í höndum Gallup sem mat Hall hæfastan umsækjanda enda var Hallur með dýrmæta stjórnunarreynslu sem embættismaður, mikla fjölmíðlareynslu og námsferil sem féll vel að starfinu

Vegna þessara meiðandi ummæla þykir undirrituðum rétt að upplýsa rannsóknarnefndina um náms- og starfsferil umbjóðanda mins:

Nám:

Háskóli Íslands BA í sagnfræði og þjóðfræði
Háskólinn í Bifröst, rekstrarfræði (hæsta einkunn)
Háskóli Ísland og Verslunarháskólinn í Kaupmannahöfn (CBS). Meistaranám í stjórnun og stefnumótun.

Hallur lauk síðari hluta MSc náms í stjórnun og stefnumótun við Handelshøjskolen i Kaupmannahöfn í júní 1999.

Störf:

Blaðamaður á Tímanum, þáttagerðarmaður á Bylgjunni og RÁS 1.

Sérverkefni í áætlana- og hagdeild Ríkisspítala. Guðmundur Árni Stefánsson var heilbrigðisráðherra þegar hann var ráðinn þangað í sérverkefni.

Hallur starfaði sem framkvæmdastjóri og sviðsstjóri hjá reynslusveitarfélagini Hornafjörður árin 1995-1998 – ráðinn af meirihluta Sjálfstæðisfloks og Kríunnar. Framsóknarflokcurinn í minnihluta.

Hallur hafði yfir að ráða stjórnunarreynslu sem embættismaður í reynslusveitarfélagi þar sem hann vann að uppyggingu samþættingar heilbrigðis, félags og skólamála á nýjan hátt. Sú vinna hafði vakið mikla athygli meðal sveitarstjórnarmanna.

Eitt af verkefnunum sem umbj. minn vann að var samningagerð við heilbrigðisráðuneytið um yfirtöku á þeim hluta heilbrigðismálum sem lá hjá ríkinu með rammasamningi í stað daggjaldar.

Hallur hafði umsjón með því verkefni á Höfn að taka við grunnskólanum frá ríkinu og byggja upp þjónustu sem áður hafði farið fram á skólaskrifstofunni á Reyðarfirði. Þá stýrði hann af hálfu sveitarfélagsins yfirtöku á málefnum fatlaðra í Austur-Skaftafellssýslu með þjónustusamningi við félagsmálaráðuneytið.

Þessir þjónustuþættir voru síðan samþættir í einstaklingsmiðaða þjónustu við einstaklinga og fjölskyldur í Austur-Skaftafellsýslu og Djúpavogi. Móttaka flóttamanna var einnig eitt verkefna sem hann bar ábyrgð á af hálfu sveitarfélagsins.

Undir Hall í starfi hans á Hornafirði heyrðu tugir starfsamanna. Hann hafði ekki tekið þátt í stjórnálum frá því að hann hóf störf sem embættismaður á Hornafirði enda fer slíkt ekki saman. Trúnaður hans við bæjarstjóra Sjálfstæðisfloksins og bæjarráðsmenn Sjálfstæðisfloks og Kríunnar var aldrei vefengdur, enda vinnan unnin faglega enn ekki pólitiskt.

Í Danmörku rakst umbjóðandi minn á auglýsingu í sunnudagsblaði Morgunblaðsins þar sem auglýst var staða yfirmanns gæða- og markaðsmála hjá Íbúðalánsjóði sem var að losna. Hallur aflaði sér upplýsinga um starfið í samræmi við leiðbeiningar í auglýsingunni og sótti síðan um.

Starfsmenn Gallup unnu úr umsóknum. Hallur var talin hæfastur. Tveir aðrir voru einnig metnir hæfir úr stórum hóp umsækjenda. Framkvæmdastjóri Íbúðalánsjóðs ákvað að fara að tillögu Gallup og ráða Hall.

Í kjölfar þessa flutti Hallur heim heim til Íslands með fjölskylduna og hóf störf sem yfirmaður í Íbúðalánsjóði í lok júlí 1999. Hann gekk inn í þá 11 manna stjórnendahóp í Íbúðalánsjóði. Fyrir utan Guðmund Bjarnason var enginn stjórnendanna Framsóknarmaður, en sumir þeirra höfðu gegnt og gegndu trúnaðarstöðum innan Sjálfstæðisfloks og Samfylkingar og þann tíma sem Hallur starfaði í Íbúðalánsjóði gegndu engir aðrir Framsóknarmenn stjórnunarstöðu innan sjóðsins. Hann tók ekki virkan þátt í flokkstarfi Framsóknarfloksins þann tíma sem hann starfaði hjá Íbúðalánsjóði.

Hallur var í tvígang „lánaður” frá Íbúðalánsjóði. Fyrst til félagsmálaráðuneytisins sumarið 2003 til ársloka 2003 til að vinna að undirbúningi mögulegra 90% lána ÍLS enda takmörkuð

reynsla af íbúðalánamálum innan félagsmálaráðuneytisins á þeim tíma.

Hallur tók aftur við fyrra starfi sínu innan ÍLS í janúar 2004, reyndar undir nýju starfsheiti sem til kom vegna skipulagsbreytinga innan sjóðsins, en vegna fyrirhugaðra breytinga á skuldbréfaútgáfu sjóðsins var talið nauðsynlegt að setja á fót nýtt áhættu- og fjárvíkingarsvið. Verkefni hans voru þau sömu og áður en hann fór til félagsmálaráðuneytisins, þ.m.t. undirbúningur skuldabréfaskipta og mögulegra 90% lána.

Árið 2006 var hann síðan sendur til Husbanken í Noregi að ósk forstjóra Husbanken. Hann heyrði þar beint undir forstjóra og vann að sérverkefnum frá janúar 2006 til júlí 2006. Kom hann aftur til starfa í ÍLS í ágúst 2006 og tók við fyrri stöðu sinni sem svíðsstjóri.

Hallur starfaði í sambærilegri stöðu innan Íbúðaláanasjóðs allt frá faglegri ráðningu hans til sjóðsins í júlí 1999 til ársloka 2007 þegar hann ákvað að hækta störfum og hasla sér völl í ráðgjöf.

Umbjóðandi minn fundaði með virðulegri nefndinni og fór m.a. yfir ofangreint ráðningarferli.


Nefndin hefur því miður, gegn betri vitund, kosið að halda fram algerum rangfærslum sem eru til þess fallin að varpa rýrð á starfsferil og æru umbjóðanda míns, enda algerlega fráleitt að hann hafi verið ráðinn til starfa hjá Íbúðaláanasjóði án auglýsingar. Hefði hæglega mátt girða fyrir þessar rangfærslur ef umbj. mínum hefði verið gefinn kostur á andmælum.

Þess er hér með farið á leit við virðulega rannsóknarnefndina að hún leiðrétti þessa rangfærslu hið snarasta með tilkynningu til fjölmíðla auk þess að biðja umbj. afsökunar á þessu meiðandi rangfærslum, svo ekki þurfir að koma til frekari eftirmála.

Virðingarfyllst.



Sveinn Andri Sveinsson hr



Iðhaldárinýfðar var stofnadað 1. janúar 1999, og síðu við verkefnum og skyldum Hásmáðvistefnumar ríkisins. Íslatverki sjóðsins er að meðta og öruggi og safnaði í hásmáðvistum með tilgreiningum sem eru meðgölduða félags til að eignast eba frigleik Hásmáði á vildréttanlegum álfum. Íslu Íðhaldárinýfðar starfa 54 starfsmenn, 48 í Reykjavík og 6 á Sandhírkrokk.

YFIRMAÐUR GÆÐA- OG MARKAÐSMÁLA

Stóðu yfirmanns gæða- og markaðsmála hjá Íðhaldárinýfði er laus til umsóðunar. Yfirmaður gæða- og markaðssviðs annast daglega stjórnun, direktanagren og skipulagningu á verkefnum svíðsins. Gæða- og markaðssvið hreyrir undir aðstöðurframkvarmðarsjóra.

Hæstu verkefni svíðsins eru:

- Umsejón með innri gæðauðlukum.
- Vinnu að endurskipulagningu vinnutera til að bæta þjónustu.
- Umsejón með upplýsingagjöf til banka, fasteignasala og almennings.
- Fraðsila og upplýsingagjöf til banka, fasteignasala og almennings.
- Upplýsingagjöf til fjölmála.
- Útgáfa á upplýninga- og kynningarlistum og sér um grímsaskrif.
- Samskipti við auglýsingastofu.

Auglýsingin Þessi auglýsing birtist í Morgunblaðinu
árið 1999

